

Nr. 75

208

14. ágúst 1992

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Í fjarveru Davíðs Oddssonar forsætisráðherra hefur Friðriki Sophussyni fjármálaráðherra verið falið að gegna störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

Forsætisráðuneytið, 14. ágúst 1992.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 76

31. ágúst 1992

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 55. 30. mars 1987, tollalög, með síðari breytingum.

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Við 7. kafla:

a) Við vörulið 0709 bætast tnr. 0709.9002 og 0709.9003 er orðist svo:

0709.9002 -- Kúrbítur (Courgettes)	30	0 (Tyrkland)
0709.9003 -- Ólífur	30	0 (Tyrkland)

b) Í stað tnr. 0710.8000 koma tnr. 0710.8001, 0710.8002 og 0710.8009 er orðist svo:

- Aðrar matjurtir:

0710.8001 -- Paprika	30	0 (Tyrkland)
0710.8002 -- Laukur	30	0 (Tyrkland)
0710.8009 -- Annað	30	

2. Við 85. kafla:

Tollskrárnúmerið 8529.9001 orðist svo:

8529.9001 -- Til tækja í 8525, 8526, 8527.9001, 8527.9002, 8528.1001 og 8528.2001	0
---	---

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. og 143. gr. laga nr. 55 30. mars 1987, tollalaga, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. september 1992.

Fjármálaráðuneytið, 31. ágúst 1992.

Friðrik Sophusson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.